


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í ágúst 2010

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 9. september 2010.

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í ágústmánuði á Akureyri reyndist 619 sem er nokkru undir meðaltali, 804 frjó í rúmmetra lofts. Frjókorn hafa verið nær samfelld í lofti á Akureyri í 117 daga eða frá 1. maí til 25. ágúst.

Frjótala grasa varð hæst 157 þann 8. ágúst (sjá myndrit). Grasfrjó mældust yfir meðaltali í fyrri hluta ágúst en verulega dró úr þegar veður kólnaði þann 17. ágúst. Hlýindi síðustu daga ágústmánaðar og í byrjun september með hita um og yfir 20°C leiddu síðan til þess að seinsprottnar grastegundir tóku við sér og luku blómgun með tilheyrandi frjódreifingu (sjá myndrit). Í heild varð fjöldi grasfrjóa undir meðallagi og það sama má segja um frjó annarra tegunda.


Akureyri 2010



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu (línan). Hæsta frjótala sumarsins hjá grösum reyndist **157** þann 8. ágúst. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Ekki er gott að segja til um framhaldið fyrir norðan. Samt verður að teljast harla ólíklegt að frjótölur verði háar úr þessu en spáð er norðanáttum og kólnandi veðri upp úr helgi. Hlýindakaflar í september geta þó haft í för með sér að frjótölur grasa fari yfir 20 svo seint sem í kringum 20. september, eins og gerðist köldu sumrin 1998 og 2001 á Akureyri.

Reykjavík 2010



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu í ágúst. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í **114** þann 8. ágúst. **Frjótala** er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Reykjavík. Heildarfrjöldi frjókorna í ágúst reyndist sá næst lægsti í 23 ár, 333 frjó í rúmmetra (meðaltalið fyrir ágúst er tæplega 1000 frjó í rúmmetra). Grasfrjó voru algengust eins og alltaf í ágúst, eða rétt rúmlega 230. Helmingur grasfrjóanna kom á einum degi þann 8. ágúst, þegar frjótalan náði 114 (sjá myndrit). Fyrsti dagur sem engin grasfrjó mældust var daginn áður. Slíkir 0-dagar áttu eftir að verða sex eins og í ágúst 2008.

Frjótölur annara frjógerða reyndust lágar en helst bar á beitilyngs-, netlu- og fíflafrjóum. Þegar grasfrjó hætta að mælast hvern dag í vikutíma má segja að frjótímanum sé lokið. Engin grasfrjó mældust 22. og 26. ágúst. Samkvæmt þeirri skilgreiningu þá lauk frjótíma grasa í Reykjavík 22. ágúst í ár.

Jafnan er lítið um frjókorn í september, helst að grasfrjó mælist en þá yfirleitt í svo litlu magni (innan við 10 frjókorn í rúmmetra lofti á sólarhring) að fæstir finna fyrir því. Nú hafa hlýindi staðið yfir í á aðra viku en frjótölur grasa eru enn lágar syðra. Þess vegna ætti að vera óhætt að segja frjótímanum lokið í ár a.m.k. í lágsveitum syðra.

Þetta er síðasta fréttatilkynning sumarsins um frjómælingar sem standa út september. Yfirlit um mælingarnar í ár, sumarið 2010, ásamt myndritum munu birtast á vef Náttúrufræðistofnunar í nóvember þegar uppgjöri og samanburði við fyrri ár er lokið.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík 9. september 2010

Margrét Hallsdóttir

Netfang mh@ni.is

www.ni.is

